

# SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/381*  
*komudagur 1.12.2003*

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2003  
Tilv. 02.109  
GÁS


Vísað er til erindis hæstvartar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, 18. mál, félagsgjöld til stéttarfélags.

Samtökin telja að sú tillaga sem hér er lögð fram um að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti stríði gegn meginreglunni um félagafrelsi. Hún viðheldur þrýstingi á launþega að vera í verkalýðsfélögum og getur haft í för með verulega hækkun framlaga til þeirra.

Í athugasemdum við frumvarpið eru félagsgjöld til verkalýðsfélaga lögð að jöfnu við félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til atvinnurekendadasamtaka. Þessu er ekki hægt að jafna saman á svo einfaldan hátt því fyrirtæki hafa fullt frelsi til að gerast aðilar að atvinnurekendadasamtökum og viðurkennt hefur verið að gjöld sem greidd eru til þeirra teljist rekstrarkostnaður fyrirtækjanna.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að veita hæstvirti efnahags- og viðskiptanefnd nánari upplýsingar og að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt

  
Guðrún Ásta Sigurðardóttir ldl.